

Skátaþing 2020



Færni til framtíðar

Rafrænt skátaþing

Laugardagur 31. október kl. 9:00-17:00

Þingforseti: Jón Þór Gunnarsson

Fundarritarar: Kolbrún Ósk Pétursdóttir og Védís Helgadóttir

Dagskrá:

1. Setning	3
2. Ávarp	3
3. Látnir félagar á árinu	3
4. Kosningar	3
Kosning um breytingu á skátaþingi	3
Kosning fundarstjóra og fundarritara	3
Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd	4
5. Gjöf til BÍS	4
6. Úthlutun úr Styrktarsjóði skáta	4
7. Niðurstaða kjörnefndar kynnt	4
8. Tillaga að dagskrá skátaþings	5
9. Stefna BÍS – umræður	5
10. Inntaka nýrra skátafélaga	6
11. MoVis módelið kynnt	6
12. Skýrsla stjórnar BÍS	6
13. Kosningar í embætti	6
Framboð til stjórnar BÍS til tveggja ára - sjálfkjörin	6
Framboð í alþjóðaráð til tveggja ára - sjálfkjörin	6
Framboð í starfsráð til tveggja ára - sjálfkjörin	7
Framboð í stjórn Skátaskólans til tveggja ára - sjálfkjörin	7
Framboð í ungmennaráð til tveggja ára - sjálfkjörin	7
Framboð í uppstillingarnefnd til tveggja ára - sjálfkjörin	7
Félagslegir skoðunarmenn til tveggja ára - sjálfkjörin	7
14. Hugvekja um stjórnarsetu	7
15. Reikningar BÍS – framsaga – umræður – afgreiðsla	7
16. Fjárhagsáætlun BÍS 2020-2021 – framsaga – kosning	8
17. Tillaga að félagsgjaldi – framsaga – kosning	8



18. Starfsáætlun BÍS til fimm ára – framsaga – kosning	8
19. Lagabreytingar – umræður	9
20. Tillaga um persónuverndarmál – framsaga – kosning	14
21. Sögur af skátastarfi	14
22. Landsmót skáta – framsaga – mælendaskrá	14
23. Nafn á stefnu BÍS – kosning	15
24. Lagabreytingar – kosning	16
25. Önnur mál	18
26. Þingslit	18



1. Setning

Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi setti þingið. Hún hvatti skáta áfram og sagði að skátar ættu að vera stoltir af skátastarfi. Hún hvatti skáta til að monta sig meira og segja frá góðu starfi. Þá þakkaði Marta skátum fyrir að vera fólkið á bakvið tjöldin og sagði að styrkur skátahreyfingarinnar væri fólgin í fólkinu og að það yrði alltaf þannig. Marta sagði að keðjan yrði aldrei sterkari en veikasti hlekkur hennar og hvatti skáta að lokum til að standa saman.

2. Ávarp

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sendi inn myndband þar sem búið var að taka saman skemmtilegar svipmyndir úr skátastarfi. Auk þess sendi hún skátum kveðju og þakkaði skátum fyrir framúrskarandi starf á tímum kórónuveirunnar og minntist sérstaklega á Stuðkvíar-verkefnið. Einnig óskaði hún skátum til hamingju með nýja stefnu og sagði frá mikilvægi þess að ná utan um hlutina með góðri stefnu en stefna skátanna er tilkomumikil og flott.

3. Látnir félagar á árinu

Á skátaþingum ár hvert er til siðs að minnast þeirra skáta sem farnir eru heim. Á þessu þingi voru sérstaklega nefndir:

Borghildur Fenger

Gunnar Atlason

Ingólfur Ármannsson

Tryggvi Páll Friðriksson

Andrea Dagbjört Pálsdóttir lék undir á þverflautu.

4. Kosningar

Kosning um breytingu á skátaþingi.

Samþykkt samhljóða.

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið var upp á Jóni Þór Gunnarssyni sem fundarstjóra og Kolbrúnu Ósk Pétursdóttur og Védísi Helgadóttur sem fundarritara.

Samþykkt samhljóða.

Jón Þór, fundarstjóri, tók við fundinum og flutti ávarp þar sem hann talaði um breytta tíma og þá staðreynd að Skátaþing væri nú haldið rafrænt í fyrsta skiptið. Hann útskýrði hvernig þinginu yrði háttað og upplýsti fundargesti um að þingið yrði tekið upp og væri það einungis gert fyrir

starfsmenn og fundarritara. Að lokum benti hann fundargestum á að allar upplýsingar um þingið væru á heimasíðu skátanna: www.skatarnir.is/skatathing.

Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd

Stjórn BÍS leggur til að eftirfarandi skipi kjörnefnd:

Inga Auðbjörg K. Straumland, SSR
Óskar Þór Þráinsson, Skjöldungum
Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Kópum

Stjórn BÍS leggur til að eftirfarandi skipi allsherjarnefnd:

Helga Þórey Júlíudóttir, Skjöldungum
Arnlaugur Guðmundsson, Landnemun
Hrafnkell Úlfur Ragnarsson, Fossbúum
Páll Kristinn Stefánsson, Kópum
Salka Guðmundsdóttir, Mosverjum

Samþykkt samljóða. Kjörnefnd hefur störf.

5. Gjöf til BÍS

Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Grænna skáta, sagði frá því að Grænir skátar gáfu öllum skátum gjöf sem væri nýir fundarstólar í salinn í Skátamiðstöðinni. Hann þakkaði Grænum skátum fyrir gjöfina og hvatti skáta til að kíkja á þá þegar aðstæður leyfa.

6. Úthlutun úr Styrktarsjóði skáta

Marta Magnúsdóttir, skátahöfðingi, sagði frá Styrktarsjóði skáta og minnti alla á að nýta sér hann en nú er opið fyrir umsóknir í hann allan ársins hring fyrir upphæðir að 100.000 kr.

Eftirfarandi eru styrkhafar:

- Fræðasetur skáta. Efniskostnaður vegna uppsetningar sýningar í KSÚ í júlí 2020. 100.000 kr
- Andrea Dagbjört Pálsdóttir, Mosverjar. Skátaloppa. 200.000 kr
- Gilwell skálinn, viðhaldsverkefni. 120.000 kr.
- St. Georgsgildin í Hafnarfirði. Almenningsalarni við Hvaleyrarvatn. 200.000 kr.
- Skjöldungar. Aðstöðusköpun í skátastarfi – Hleiðra. 200.000 kr.

7. Niðurstaða kjörnefndar kynnt

Inga Auðbjörg K. Straumland, formaður kjörnefndar, kynnti niðurstöður kjörnefndar og fjölda atkvæða hjá hverju skátafélagi:

Skátafélag Akraness 1 – Árbúar 4 – Skátafélag Borgarness 2 – Eilífsbúar 1 – Fossbúar 4 – Garðbúar 4 – Hafernir 4 – Heiðabúar 4 – Hraunbúar 4 – Klakkur 4 – Kópar 4 – Landnemar 3 – Mosverjar 3 – Radióskátar 1 – Segull 2 – Skjöldungar 4 – Svanir 4 – Vífill 4 – Vogabúar 2 – Ægisbúar 3

Samtals 62 gild atkvæði en svo forfallaðist einn kjörmaður Svana og varamaður tók ekki við atkvæði og því var heildarfjöldi atkvæða 61.

8. Tillaga að dagskrá skátaþings

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar BÍS að dagskrá Skátaþings.

Fram kom ein dagskrárbreytingartillaga um að auka skilvirkni afgreiðslu lagabreytinga. Lagt var til að færa fram framsögu og umræðu um lagabreytingatillögur þannig að sá dagskrárliður yrði beint á eftir starfsáætlun BÍS til fimm ára en að rafræn kosning um lagabreytingatillögur yrði síðasti dagskrárliður fyrir dagskrárliðinn Önnur mál. Með þessum hætti gefst meiri tími til að senda inn breytingatillögur og vinna úr þeim svo að kosning verði skilvirkari.

Dagskrárbreytingartillagan var samþykkt.

9. Stefna BÍS – umræður

Ásgerður Magnúsdóttir, stjórnarmeðlimur, kynnti stefnu stjórnar. Stefnan er aðgengileg á [vef skátanna](#). Hún sagði frá því að vinnan við nýja skýrslu hefði hafist fyrir ári auk þess sem unnið var að henni á Ungmennapingi 2020 þar sem áhersla var lögð á heimsmarkmiðin og úr þeirri vinnu urðu „Okkar markmið“ til sem má sjá í stefnunni. Ásgerður sagði frá fjórum kynningarfundum sem haldnir voru í haust og að þar hafi skátum gefist tækifæri á að koma með athugasemdir og ræða stefnuna og því sé stefnan mikið samvinnuverkefni skáta. Þá sagði Ásgerður frá heimsmarkmiðunum og að þau hafi verið tengd við alla þætti stefnunnar en þau tengjast vel í starf skátanna. Hún sagði stefnuna vera metnaðarfulla þar sem fólk, færni og framsýni væru í öndvegi. Að lokum minnti Ásgerður á að þetta er stefna allra skáta og að stefnan muni hjálpa okkur áfram á þeirri flottu vegferð sem við erum nú þegar á.

Dagskrárbreytingartillaga var lögð fram um að kosið yrði um nafn stefnunnar rétt fyrir kosningu um lagabreytingatillögur og að hægt yrði að senda inn tillögur að nafni stefnu BÍS til kl. 11:00. Tillagan var samþykkt.

Rafræn kosning um stefnu BÍS

Talin atkvæði: 54

Já: 48

Nei: 3

Tóku ekki afstöðu: 3

Tillaga um stefnu BÍS var samþykkt.

Seinni kosningum frestað.

10. Inntaka nýrra skátafélaga

Ekkert skátafélag óskaði eftir inngöngu að þessu sinni. Marta Magnúsdóttir sagði frá því að erindrekar hafi verið að undirbúa stofnun nýrra skátafélaga utan höfuðborgarsvæðisins.

Hamar hefur breytt nafni sínu og heita nú aftur Vogabúar.

11. MoVis módelið kynnt

Björk Norðdahl flutti kynningu um MoVis módelið. Vinnuhópur var settur saman til að einfalda og staðfæra sjálfbóðaliðamódel WOSM að aðstæðum íslensks skátastarfs. Í vinnuhópnum eru: Björk Norðdahl, Halldóra Hinriksdóttir, Jenný Björgvinsdóttir, Eiríkur P. Eiríksson og Gemma Montoliu. Að lokum óskaði Björk eftir sjálfbóðaliðum úr skátafélögum til að taka þátt í að prufukeyra þetta verklag.

12. Skýrsla stjórnar BÍS

Marta Magnúsdóttir, skátahöfðingi, kynnti skýrslu stjórnar BÍS frá árinu 2019. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu skátanna: www.skatar.is/skatathing.

13. Kosningar í embætti

Sigurður Viktor Úlfarsson, formaður uppstillingarnefndar, ávarpaði Skátaþing og kynnti framboð. Uppstillingarnefnd fundaði aftur í haust eftir að þrír frambjóðendur höfðu dregið framboð sín til baka.

Framboð til stjórnar BÍS til tveggja ára - sjálfkjörin

Skátahöfðingi: Marta Magnúsdóttir

Gjaldkeri: Sævar Skaptason

Meðstjórnendur:

Ásgerður Magnúsdóttir (Y25)

Björk Norðdahl

Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Jón Halldór Jónasson

Þórhallur Helgason

Framboð í alþjóðaráð til tveggja ára - sjálfkjörin

Daði Björnsson

Selma Sif Ísfeld Óskarsdóttir

Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir (Y25)



Framboð í starfsráð til tveggja ára - sjálfkjörin

Birta Ísafold Jónasdóttir (Y25)

Páll Kristinn Stefánsson (Y25)

Jóhanna Björg Másdóttir

Framboð í stjórn Skátaskólans til tveggja ára - sjálfkjörin

Dagbjört Brynjarsdóttir

Halldór Valberg Skúlason (Y25)

Inga Jóna Þórisdóttir

Framboð í ungmennaráð til tveggja ára - sjálfkjörin

Ísold Vala Þorsteinsdóttir (Y25)

Thelma Líf Sigurðardóttir (Y25)

Úlfur Leó Hagalín (Y25)

Framboð í uppstillingarnefnd til tveggja ára - sjálfkjörin

Berglind Lilja Björnsdóttir

Birgir Ómarsson

Sædís Ósk Helgadóttir

Katrín Kemp Stefánsdóttir (Y25)

Sigurður Viktor Úlfarsson

Félagslegir skoðunarmenn til tveggja ára - sjálfkjörin

Guðmundur Þór Pétursson

Kristín Birna Angantýsdóttir

Jón Þór Gunnarsson

14. Hugvekja um stjórnarsetu

Tryggvi Jónsson, endurskoðandi BÍS, flutti hugvekju um stjórnarsetu; hlutverk og verklag stjórna.

15. Reikningar BÍS – framsaga – umræður – afgreiðsla

Kristinn Ólafsson, framkvæmdarstjóri BÍS, kynnti ársreikninga BÍS 2019. Reikningarnir eru aðgengilegir á [vef skátanna](#). Hann sagði frá því að fá frávík væru á reikningum 2019 og að fátt óvænt hefði gerst. BÍS er með fastan ríkisstyrk sem rennur út um áramótin og eru viðræður í gangi um að endurnýja styrkinn. Styrkurinn verður að öllum líkindum framlengdur um eitt ár þar sem hvorki BÍS né ríki eru tilbúin að semja um næstu þrjú ár vegna óvissunnar í samfélaginu af völdum Covid-19 heimsfaraldursins. Auk þess sagði hann frá íbúð sem BÍS fékk að gjöf en mikil vinna fór í hana áður en hún fór á sölu.



Kristinn fór svo yfir efnahagsreikning BÍS frá 2019 og er ekki mikil breytingar þar. Stærsta breytingin milli ára er arfur sem BÍS fékk frá Styrktarsjóði Berents og Laufeyjar en styrktarsjóðurinn hefur þann tilgang að styðja við foringjapjálfun.

Umræður, sendar voru inn spurningar: Egill Erlingsson, Ægisbúum.

Reikningar bornir upp til samþykkis. Samþykkt 53/1. Tveir sátu hjá.

Fundarstjóri bar upp dagskrárbreytingartillögu um að fjallað yrði um fjárhagsáætlun BÍS 2020-2021 áður en fjallað yrði um tillögu að félagsgjaldi.

Dagskrárbreytingartillaga samþykkt.

16. Fjárhagsáætlun BÍS 2020-2021 – framsaga – kosning

Kristinn Ólafsson, framkvæmdarstjóri BÍS, kynnti fjárhagsáætlun BÍS 2020-2021. Hann byrjaði á því að kynna rauntölur fyrir fyrstu 9 mánuði árs 2020 og áætlaða fjárhagsáætlun fyrir seinustu 3 mánuði 2020. Kristinn sagði frá því að töluvert hærra tap hefði orðið en áætlað var í byrjun árs en ástæðan eru þær aðstæður sem eru í samfélaginu. Munurinn liggur í launum og launatengdum gjöldum vegna Landsmóts skáta sem tekur, undir venjulegum kringumstæðum, þátt í launagreiðslum Bandalagsins vegna ákveðinna verkefna tengdum landsmótum en nú fellur sá kostnaður á Bandalagið. Tekjur eru töluvert lægri en áætlað var vegna þess að fresta þurfti mörgum viðburðum sem voru á dagskrá. Kristinn sagði frá áætlun fyrir 2021 en hún var endurskoðuð nú í haust vegna Covid-19 heimsfaraldursins.

Fjárhagsáætlun borin upp til samþykktar. Samþykkt 48/1. Þrír sátu hjá.

17. Tillaga að félagsgjaldi – framsaga – kosning

Kristinn Ólafsson, framkvæmdarstjóri BÍS, kynnti tillögu stjórnar BÍS að félagsgjaldi:

Stjórn BÍS leggur til við Skátaþing 2020 að árgjald skátafélaganna til BÍS hækki um 30 krónur og verði kr. 580,- fyrir hvern starfandi skáta starfsárið 2020-2021.

Greinargerð: Árgjaldinu er ætlað að standa straum af þátttökugjaldi til alþjóðasamtaka skáta og einnig er áætlað að 20% af félagsgjöldum skili sér í Styrktarsjóð skáta. Tillagan tekur mið af almennum verðlagsbreytingum.

Tillagan borin upp til samþykktar. Samþykkt 51/4.

18. Starfsáætlun BÍS til fimm ára – framsaga – kosning

Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi kynnti starfsáætlun BÍS til fimm ára. Starfáætlunin var látin standa þó að margt hafi breyst vegna Covid-19. Hún sagði frá hringborðum skátaforingja og stjórnarmeðlima, en þau eru nýjungar í viðburðarhaldi. Þau voru haldin í október og nóvember

og verða haldin aftur í febrúar 2021. Þá talaði Marta einnig um fræðslur fyrir skáta og sagði þær vera haldnar eftir þörfum og að beiðni skátafélaga. Hún hlakkar til að hvað skátar vilja á dagskrá á næstunni. Hún ræddi alþjóðaviðburði og sagði frá því að margir væru styrktir af Erasmus og að tekið sé mið af Umhverfisstefnu BÍS og stefnu BÍS til að meta hvort þátttaka á alþjóðlegum viðburðum sé réttlætanleg en nú hafa sumir alþjóðaviðburðir færst á netið og séu því aðgengilegri fyrir okkur. Þá sagði Marta frá því að eitthvað af viðburðunum sem áttu að vera á árinu hefur verið frestað fram á næsta ár. Þá minnti Marta á starfsáætlun BÍS sem hefur legið fyrir í nokkurn tíma á starfsgátt skátanna og má [finna hér](#).

19. Lagabreytingar – umræður

9. grein um auðveldara aðgengi ungra skáta að Skátaþingi auk embætti og ráða innan BÍS. Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir.

Skátafélögum innan BÍS er skylt að setja sér lög. Í vörslu BÍS skal jafnan vera eintak af gildandi félagslögum viðkomandi skátafélags. Í lögum hvers skátafélags skulu a.m.k. vera ákvæði um eftirfarandi:

- Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Stjórn BÍS er heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn. Fundarboð skal sent skrifstofu BÍS.
- Í félaginu skal starfa minnst 3ja manna stjórn sem funda skal að jafnaði mánaðarlega. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, aðstoðarfélagsforingi og gjaldkeri. Enginn stjórnarmeðlimur má gegna fleiri en einu þessara embætta.
- Æskilegt er að minnst einn stjórnarmanna skátafélags með aðild A sé á aldrinum 18-25 ára.
- Í félaginu skal starfa foringjaráð og/eða félagsráð þar sem skátaforingjar og stjórn félagsins eiga sæti. Foringjaráð og/eða félagsráð skal funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.
- Stjórn og foringjaráð skulu skipuð fólki af fleira en einu kyni og kynjahlutföll vera sem jöfnust sé því við komið.
- Hvernig staðið skuli að úrsögn félagsins úr BÍS.
- Hvernig staðið skuli að því að leggja starfsemi félagsins niður.
- Hverjir skulu fara með eignir félagsins hætti það störfum. Þessir aðilar eru skyldugir til þess að ráðstafa eignunum í samráði við stjórn BÍS

Lagabreytingartillaga

Þar sem nú segir:

Æskilegt er að minnst einn stjórnarmanna skátafélags með aðild A sé á aldrinum 18-25 ára.

Sé aldurstakmörkum breytt svo segi:

Æskilegt er að minnst einn stjórnarmanna skátafélags með aðild A sé 25 ára eða yngri.

Rökstuðningur:

Þórhildur sendi inn lagabreytingartillögu þess efnis að minnst einn stjórnarmaður skátafélags sé 25 ára og yngri en þessi lagabreytingartillaga breytir engu því einstaklingur undir 18 ára má ekki sitja í stjórn. Hún vill samt halda áfram með tillöguna í von um að landslögum verði breytt.

19. grein um atkvæðagreiðslu á Skátaþingi. Flutningsaðili: Rafnar Friðriksson.

Rétt til setu á Skátaþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

- Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.
- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnigildum BÍS sé að ræða.

Lagabreytingartillaga:

Aftast við A) lið bætist:

Til greiddra atkvæða teljast eingöngu þau atkvæði sem greidd eru með eða á móti málum á Skátaþingi.

Rökstuðningur: Teljast hlutlaus atkvæði með eða á móti? Mikilvægt að gera það skýrt hvernig þú nýtir kosningaréttinn þinn.

19. grein um atkvæði ungmenna á Skátaþingi. Flutningsaðili: Ásgerður Magnúsdóttir.

Þar sem nú segir:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Sé eftirfarandi ákvæði bætt við:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað, eitt atkvæði bundið sveitarforingja og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Rökstuðningur: Það skiptir máli að grasrótin hafi atkvæðisrétt en ekki einungis stjórnarmeðlimir.

19. grein um atkvæði sveitarforingja á Skátaþingi. Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Þar sem er nú:

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.

Verði:

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar.

Rökstuðningur: Við erum ungmennahreyfing þar sem aldur þátttakenda er 7-25 ára og með því að hafa aldurstakmörkin 16 ára þá erum við að útiloka stóran hóp.

19. grein um atkvæði ungmenna á Skátaþingi. Flutningsaðili: Ásgerður Magnúsdóttir.

Þar sem nú segir:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Séu orðin „æskilegt er að“ felld út svo eftir standi:

[...] og minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16 -25 ára.

19. grein um atkvæði ungmenna á Skátaþingi. Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir.

Þar sem nú segir:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Séu síðustu orðum málsgreinarinnar breytt svo standi:

[...] minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings 25 ára eða yngri.

22. grein um auðveldara aðgengi ungra skáta að Skátaþingi auk embætti og ráða innan BÍS. Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir.

22. grein er svohljóðandi:

Skátaþing kys stjórnarmenn til tveggja ára í senn. Að lágmarki skal einn stjórnarmaður ekki vera eldri en 25 ára á því ári sem kosning fer fram. Kosning fer fram á tveggja ára fresti.

Kjörgengi hafa allir lögráða skátar.

Kosning fer fram á Skátaþingi á tveggja ára fresti og skal vera kosið í embætti skátahöfðingja, gjaldkera og 5 meðstjórnenda. Sérstaklega er kosið um skátahöfðingja og gjaldkera en meðstjórnendur eru kjörnir í einni kosningu. Lendi atkvæði á jöfnu skal kosið sérstaklega á milli þeirra þar til öll sæti hafa verið fyllt.

Við kosningu stjórnarmanna skal þess gætt að þeir séu ekki allir af sama kyni.

Stjórnarmenn mega ekki sitja í stjórn lengur en fjögur kjörtímabil í röð. Láti einhver stjórnarmanna af störfum eða ef um langvarandi fjarveru stjórnarmanns er að ræða á milli aðalfunda skal félagsforingjafundur í samráði við uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi.

Lagabreytingartillaga:

Þar sem nú segir:

Kjörgengi hafa allir lögráða skátar.

Verði:

Kjörgengi hafa allir starfandi skátar.

25. grein um kosningar í Ungmennaráð BÍS. Flutningsaðili: Hildur Bragadóttir.

25. grein er svohljóðandi:

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fjögur fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði skátaþings.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarforingja og flokksforingja.

Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.

Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

Lagabreytingartillaga:

Við aðra málsgrein bætist eftirfarandi ákvæði:

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Við kosningar í ungmennaráð gilda einungis þau atkvæði sem liggja í höndum einstaklinga 16-25 ára. Kjörnefnd getur gefið skátafélagi undanþágu frá þessu ákvæði ef engir skátar á þessum aldri starfa innan félagsins, ef

allir skátar félagsins á þessum aldri skila undirritaðri skýringu hví þeir óski þess að bera ekki atkvæði eða fulltrúar skátafélags sem eru eldri en 25 ára mega afhenda einstaklingum 16-25 ára tímabundið atkvæðin sín óháð félagi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði skátaþings.

25. grein um aldurstakmark í Ungmennaráð BÍS. Flutningsaðili: Ásgerður Magnúsdóttir.

Þar sem nú segir:

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Sé aldurstakmörkunum í seinni setningu breytt og verður þá:

[...] Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera 25 ára eða yngri á því ári sem þeir bjóða sig fram.

25. grein um auðveldara aðgengi ungra skáta að Skátaþingi auk embætti og ráða inna BÍS. Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir.

Þar sem nú segir:

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Sé aldurstakmörkunum í fyrri setningu breytt og verður þá:

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi 25 ára eða yngri. [...]

25. grein um stofnun nýs fastaráðs; Útílífsráðs. Flutningsaðili: Finnbogi Jónasson.

Fyrstu setningu breytt og hlutverki útílífsráðs bætt við svo segi:

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útílífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði skátaþings.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

- Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátaféлага, sveitarforingja og flokksforingja.
- Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélögin og BÍS standa fyrir.
- Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.
- Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

Umræður, sendar voru inn spurningar:

Aron Gauti Sigurðarson, Skjöldungum, til Þórhildar. Þórhallur Helgason, Segli, til Rafnars og til Hildar. Jón Andri Helgason, Árbúum. Sunna Líf Þórarinsdóttir, Segli, til Rafnars. Stjórn Klakks styður tillögu Finnboga um útilífsráð. Sigurður Viktor Úlfarsson, Landnemun. Jón Lárusson, Fossbúum. Helgi Jónsson, Garðbúum. Jakob Guðnason, Úlfjótuvatn. Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Ægisbúum. Inga Auðbjörg K. Straumland, SSR. Ásta Bjarney Elíasdóttir, Haförnum.

20. Tillaga um persónuverndarmál – framsaga – kosning

Arnlaugur Guðmundsson, félagsforingi Landnema, lagði til að BÍS aðstoði öll skátafélög á landinu við gerð persónuverndarstefnu sem hentar skátafélögum og uppfylli lagaleg skilyrði.

Umræður: Sigurgeir Bjartur Þórisson, erindreki.

Umræður, sendar inn spurningar: Ásta Bjarney, Haförnum. Jón Lárusson, Fossbúum. Helga Þórey Júlíudóttir, Skjöldungum.

Samþykkt 44/5. Þrír tóku ekki afstöðu.

21. Sögur af skátastarfi

Skátahöfðingi og erindreki BÍS báðu skátafélög um að senda stutt myndbönd og segja frá starfinu sínu síðustu misseri. Myndbönd bárust frá Skátafélagi Borgarness, Garðbúum, Skjöldungum og Fossbúum.

22. Landsmót skáta – framsaga – mælendaskrá

Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri BÍS, ávarpaði þingið. Í sumar þurfti að fresta Landsmóti skáta og var ákvörðunin tekin tímanlega. Hann sagði ákvörðunina hafa verið erfiða en

skynsamlega. Þá væri áformað að halda Landsmót skáta sumarið 2021 en ekki væri víst að það yrði hægt.

Kristinn sagði frá því að unnið væri að því að finna lausnir. Unnið var með þrjár mögulegar útfærslur og í dag er verið að skoða að halda 4 vikna mót eða ekkert mót. Stjórn BÍS tók ákvörðun um að mótið yrði ekki haldið á Akureyri sem að mati sumra var ólýðræðisleg ákvörðun stjórnar. En Kristinn útskýrði að það væri dýrt að halda skátamót og að stjórn væri einfaldlega að reyna að gera þetta mót eins ódýrt og skynsamlegt og hægt er. Öll aðstaða er til staðar á Úlfliótsvatni og stjórn telur að með því að halda mótið þar sé meiri möguleiki á að mótið verði haldið og að BÍS komi betur út fjárhagslega.

Kristinn sagði að þessi ákvörðun hefði ekkert að gera með landsmót í framtíðinni á Akureyri. Hann ítrekaði að við þurfum að snúa bökum saman í þessari erfiðu ákvörðun saman og standa með ungu skátunum okkar og gefa þeim skátamót á næsta ári.

Kristinn hvatti skáta til að koma að undirbúningi Landsmóts en auglýst hefur verið eftir fólki við dræmar undirtektir. Hann hvetur fólk til að hafa samband við Jakob Guðnason ef það hefur áhuga á að taka þátt í undirbúningi Landsmóts skáta 2021.

Umræður: Eva María Sigurbjörnsdóttir, Árbúum.

Umræður, sendar inn spurningar: Jón Lárusson, Fossbúum. Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Kópum.

Stjórn Klakks óskar eftir yfirlýsingu stjórnar um framtíð landsmóta á Íslandi.

Kristinn tók aftur til máls til að svara spurningum og sagði að unnið væri að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Fjölmarginir tóku ákvörðun um að fá ekki þátttökugjaldið endurgreitt en stefnt er að því að þeir sem ætli að taka þátt á næsta landsmóti fái mótsgjaldið frá því í sumar upp í næsta mótsgjald.

23. Nafn á stefnu BÍS – kosning

Fyrst var kosið um allar 11 tillögurnar sem bárust:

- Fyrirmynd til framtíðar
- SJÁ (Skátar eru jákvæðir og ákveðnir)
- ÁST (Ákveðnir skátar tíðarandans)
- SteBbi (Stefna BÍS), má stafa Stebbi eða STEBBI eða öðruvísi
- Finnum leiðir
- Allt í áttina
- Fylkjum liði
- Öll í takt
- Í sömu átt
- Færni í heimi breytinga
- Skátinn á ferð
- Vísun veginn
- Framúrskarandi framtíð



- Skáti McSkátfeis
- Vörðum saman leiðina á toppinn

Síðan kostið um efstu 3 tillögurnar:

- Fyrirmynd til framtíðar
- SteBbi
- Vísun veginn

„Fyrirmynd til framtíðar“ varð fyrir valinu.

24. Lagabreytingar – kosning

9. grein um auðveldara aðgengi ungra skáta að Skátapingi auk embætti og ráða innan BÍS. Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir.

Felld 29/26. Einn sat hjá.

19. grein um atkvæðagreiðslu á Skátapingi. Flutningsaðili: Rafnar Friðriksson.

Felld 17/36. Þrír sátu hjá.

Athugasemd barst frá flutningsaðila tillögunnar um að rangt hafi verið haft eftir honum en fundarstjóri taldi það ekki hafa haft áhrif á niðurstöður kosninga þar sem umræðan hafi verið mjög skýr og niðurstöður afgerandi. Hann sagði flutningsaðila geta komið með frekari athugasemdir.

19. grein um atkvæði ungmenna á Skátapingi. Flutningsaðili: Ásgerður Magnúsdóttir.

Felld 29/23. Tveir sátu hjá.

19. grein um að fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar. Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Felld 21/31. Fimm sátu hjá.

19. grein um atkvæði sveitarforingja á Skátapingi. Flutningsaðili: Ásgerður Magnúsdóttir.

Felld 24/28. Fjórir sátu hjá.

19. grein um atkvæði sveitarforingja á Skátapingi. Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir.

Felld 21/33. Einn sat hjá.

25. grein um kosningar í Ungmennaráð BÍS. Flutningsaðili: Hildur Bragadóttir.

Breytingartillaga. Flutningsmaður: Jón Lárusson, Fossbúum.

Þar sem Hildur leggur fram að segi:

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Við kosningar í ungmennaráð gilda einungis þau atkvæði sem liggja í höndum einstaklinga 16 – 25 ára. Kjörnefnd getur gefið skátafélagi undanþágu frá þessu ákvæði ef engir skátar á þessum aldri starfa innan félagsins, ef allir skátar félagsins á þessum aldri skila undirritaðri skýringu hví þeir óski þess að bera ekki atkvæði eða fulltrúar skátafélags sem eru eldri en 25 ára mega afhenda einstaklingum 16 – 25 ára tímabundið atkvæðin sín óháð félagi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði skátaþings

Segi þess í stað:

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið á ungmennapingi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði skátaþings

Breytingartillaga samþykkt 36/15. Fjórir sátu hjá.

Kosning um lagabreytingartillögu: Flutningsmaður: Hildur Bragadóttir með samþykkttri breytingu frá Jóni Lárussyni.

Samþykkt 45/11.

25. grein um aldurstakmark í Ungmennaráð BÍS. Flutningsaðili: Ásgerður Magnúsdóttir.

Felld 30/25.

25. grein um að í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi 25 ára eða yngri. Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir.

Felld 28/28.

25. grein um stofnun nýs fastaráðs; Útilífsráðs. Flutningsaðili: Finnbogi Jónasson.

Finnbogi Jónasson breytti eigin lagabreytingartillögu eftir að þingið hófst. Hann benti á að ekki ætti að bæta við stjórnarmanni heldur einungis að bæta við nýju útilífsráði.

Samþykkt 38/16. Þrír tóku ekki afstöðu.

25. Önnur mál

Kristinn Ólafsson, framkvæmdarstjóri BÍS, leiðrétti svar sitt við spurningum um hagnað á Jamboree sem borin hafði verið fram fyrr á þinginu. Kristinn hafði fyrst sagt að 7 milljónir hefðu verið í hagnað en hagnaðurinn var 3,5 milljónir. Hagnaðurinn var settur í sjóð til að taka á óvæntum málum sem geta komið upp í utanlandsferðum og þá væri hægt að bjóða upp á ódýrari ferðir. Peningur úr sjóðnum var svo nýttur í sumar þegar European Jamboree var felld niður.

Eva María Sigurbjörnsdóttir, Árbúum, lagði fram þingsályktunartillögu sem fól í sér áskorun til stjórnar BÍS um að svara því fyrir 15. nóvember hvort að BÍS muni senda þátttakendur á European Jamboree. Þá skoraði hún á starfsmenn skátamiðstöðvarinnar að klára gróðursetningu sem átti að vera hluti af fjáröflun vegna ferðarinnar á European Jamboree 2019.

Jón Andri Helgason, Árbúum, skoraði á skrifstofu BÍS að taka saman tölfræði um hver aldursdreifing, hlutverk og skátafélag kjörmanna á Skátapingi væri.

Sigurgeir Bjartur Þórisson, erindreki, benti á að inn á skátapingsgáttinni væri umhverfisstefna BÍS og sagði að staðið hefði til að kynna hana á Skátapingi en ekki gefist tími til þess. Sigurgeir benti á að ekki hafi átt að bera hana upp til samþykktar heldur aðeins kynna hana en hún er gildandi stefna BÍS. Þá hvatti Sigurgeir fólk til að kynna sér stefnuna.

Jakob Guðnason, hvatti alla til að nýta sér Úlfljótsvatn.

26. Þingslit

Marta Magnúsdóttir flutti lokaorð og var glöð að náðst hefði að halda Skátaping 2020. Hún þakkaði þátttakendum Skátapings fyrir að gefa sér tíma í að stuðla að góðu æskulýðsstarfi og skátastarfi fyrir ungt fólk. Hún þakkaði starfsfólki BÍS fyrir sín störf, Védísi Helgadóttur fyrir fundarritun og Jóni Þór fyrir fundarstjórn. Þá gaf Marta þeim Védísi og Jóni Þór jakka að gjöf í þakkarskyni fyrir þeirra störf.

Skátapingi slitið kl. 17:00 með bræðralagssöngnum.